

***Öldungaráð 4. október 2021: Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um sveigjanleg starfslok - R21090173***

Lagt er til að öldungaráð Reykjavíkurborgar samþykki að Reykjavíkurborg taki upp sveigjanleg starfslok, en í dag gilda reglur borgarinnar og ákvæði kjarasamninga sem skylda starfsmenn til að hætta í starfi við sjötugt. Reglur borgarinnar banna fólki að starfa eftir 70 ára aldurinn. Það er kominn tími til að breyta þessum ósanngjörnu reglum.